

Nd.

33. Frumvarp til laga

[33. mál]

um Landsspítala Íslands.

Flm.: Hannibal Valdimarsson.

1. gr.

Auk Landsspítalans í Reykjavík skal ríkið reka fjórðungsdeildir Landsspítalans í öllum landsfjórðungum.

Skal ein fjórðungsdeildin vera á Vestfjörðum, önnur á Norðurlandi, sú þriðja á Austfjörðum og hin fjórða á Suðurlandsundirlöndum.

2. gr.

Fjórðungsdeildirnar skulu vera búnar fullkomnustu tækjum og vera undir stjórn vel menntaðra sérfræðinga í skurðlækningum.

3. gr.

Nú er starfandi sjúkrahús í einhverjum landsfjórðungi þannig sett, að það þyki vel fallið til að verða fjórðungsdeild Landsspítala, og skal þá ríkið semja um yfirtöku þess við eiganda sjúkrahússins. Takist samningar ekki, er ríkinu heimilt að taka það eignarnámi.

4. gr.

Heimilt er stjórn ríkisspítalanna að fela Tryggingastofnun ríkisins að sjá um hagkvæman rekstur fjórðungsdeilda, ef heilbrigðismálaráðherra óskar þess.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1954.

Greinargerð.

Það ber að tryggja, að í hverjum landsfjórðungi sé að minnsta kosti eitt stórt og vandað sjúkrahús, vel búið að tækjum og undir stjórn hinna færustu sérfræðinga. Hér er lagt til, einmitt með það í huga, að framanrituðu markmiði verði sem bezt náð, að aðalsjúkrahús hvers landsfjórðungs verði deild úr Landsspítala Íslands, er sé rekin af ríkinu eins og aðalspítalinn í Reykjavík.

Sjúkrahúsin í stærri kaupstöðum landsins utan Reykjavíkur eru eign viðkomandi kaupstaða og rekin af þeim. Nokkur þeirra eru svo stór, að þau taka við sjúklingum langt út yfir lögsagnarumdæmi heimahéraðsins. Nú er þessum bæjarfélögum ekki heimilað að ákveða sjúkradaggjöldin eftir tilkostnaði við rekstur sjúkrahúsanna, og verða því að taka á sig mörg hundruð þúsund króna halla vegna utanbæjarsjúklinga. Með þessu mælir engin sanngirni — sízt af öllu þegar ríkið rekur sjálft Landsspítalann í Reykjavík. Með því tekur ríkið ekki aðeins á sig að bera hallann af utanbæjarsjúklingum Landsspítalans, heldur einnig af innanbæjarsjúklingum.

Þetta misrétti vilja sumir jafna með sérstökum styrkjum til þeirra bæjarfélaga, sem reka stór sjúkrahús og bera þannig kostnað af heilbrigðisþjónustu fyrir aðra en eigin gjaldendur. En sú leið verður aldrei nema kák og leysir ekki málið á neinn viðhlítandi hátt.

Reykjavík hefur sinn Landsspítala, Vestfirðingar eiga að fá sína fjórðungsdeild Landsspítalans, og með sama hætti eiga Norðlendingar, Austfirðingar og Sunnlendingar að fá fjórðungsdeild Landsspítalans hver hjá sér, þar sem bezt liggur við með tilliti til samgangna og fjölbýlis.

Full hættu er á, að bæjarsjúkrahús, sem rekin eru til lengdar með stórfelldum halla, fái ekki fullnægjandi viðhald og verði ekki eins vel búnar að tækjum og starfsliði og æskilegt er. Með deildaskiptum Landsspítala gerir ríkið fólkinu í öllum landshlutum jafnhátt undir höfði um fjárhagslega aðstoð til sem öruggastrar heilbrigðisþjónustu. Og jafnframt mætti ætla, að með þeirri leið verði bezt séð fyrir því meginatriði málsins, að til sé vel útbúið og fullkomið sjúkrahús í hverjum landsfjórðungi.